



Nokkur orð til foreldra samkynhneigðra ungmenna

Margt hefur verið í gegnum tíðina skrifað og talað um samkynhneigð og margar kenningar settar fram, en eitt er alveg víst: enginn hefur ennþá sýnt fram á með óyggjandi rökum hvað það er sem veldur samkynhneigð. Sífellt fleiri vísbendingar hníga í þá átt að samkynhneigð sé meðfædd.

Það er ekki auðvelt að útskýra samkynhneigð á einfaldan hátt. Að grunni til er hún tilfinningalegt mynstur sem er til staðar frá bernsku og þróast með barninu eftir því sem það þroskast. Hún þarf ekki að hafa nein áhrif á líf þess umfram það að dýpstu tilfinningasambönd þess munu verða við fólk af sama kyni. Eins og við öll hafa hommar og lesbíur þörf fyrir að elska og vera elskuð á móti.

Stundum er spurt: „Er hægt að lækna þetta?“ En samkynhneigð er ekki sjúkdómur. Hún er hommum og lesbíum einfaldlega eðlileg. Þau velja ekki samkynhneigð frekar en aðrir velja gagnkynhneigð. Kynhneigðina, hvort sem er samkynhneigð eða gagnkynhneigð, fáum við ekki ráðið við, og við berum ekki ábyrgð á orsök hennar né þróun.

Kynhneigð er ekki eitthvað sem við kjósum okkur, hún er ekki einhver lífsstíll sem við veljum. Hún er það tilfinningalega mynstur sem býr í okkur frá bernsku og þróast með okkur til fullorðinsára.



Samkynhneigður unglingur finnur oft snemma, jafnvel um 11-12 ára aldurinn, að hann/hún er öðruvísi, finnur að hann/hún laðast að sínu eigin kyni, bæði tilfinningalega og kynferðislega. Margir afneita þessum tilfinningum, einnig gagnvart sjálfum sér, og skammast sín fyrir þær, vegna ótta við fordóma og útskúfun, vegna vanþekkingar og mismununar.

Samfélagið gerir ráð fyrir að gagnkynhneigð sé normið. Unglingurinn finnur því oft fyrir ótta og einsemd. Hann/hún samsamar sig ekkert endilega þeim hommum eða lesbíum sem sjást t.d. í sjónvarpi og bíómyndum, þótt sú ímynd hafi batnað á síðustu árum. Togstreitan og einsemdartilfinningin sem unglingurinn finnur fyrir veldur oft mikilli streitu, jafnvel svo mikilli að sjálfsvígshugsanir sækja á.

Ungir hommar og lesbíur óttast höfnun foreldra sinna og annarra sem þeir gætu leitað til um aðstoð. Þau óttast fyrirlitningu og jafnvel fjandskap af hálfu vina sinna og skólafélaga. Þau óttast að koma upp um sig með framkomu, augnatilliti eða tilsvári. Þeim veitist erfitt að komast í kynni við aðra samkynhneigða, og í litlum þorpum og samfélögum getur þeim fundist þau vera „eini homminn/lesbían í heiminum“.

Ungir hommar og lesbíur ganga sem sé eiginlega í gegnum sams konar áfall og ótta og foreldrar finna fyrir þegar þeir komast að hinu sanna um kynhneigð sonarins/dótturinnar. En unglingurinn upplifir það aleinn. Það er ekki óalgengt að ungir hommar og lesbíur séu þrjú-fjögur ár að telja í sig kjark til að segja foreldrum sínum hvers kyns er.

Viðbrögð foreldra sem eru gjörsamlega óviðbúnir þessari þróun hjá barni sínu eru oftast áfall, ringlun og kvíði. Sumir áfella sig sjálfa sig, sumir hafna barni sínu, sumir vilja hjálpa en vita ekki hvernig. Mörgum

finnst þeir, gegn betri vitund, fjarlægjast barn sitt. Kærleikurinn, sem þrátt fyrir allt viðheldur tengslunum, megnar jafnvel ekki að draga úr áfallinu og óvissunni sem foreldrar upplifa.

Ástæður þessara viðbragða eru fyrst og fremst vanþekking og fordómar. Foreldrar, eins og allur almenn-ingur, hafa mótast af ýmsum goðsögnum og misskilningi um samkynhneigð. Umræða um samkynhneigð er allajafna ekki mikil inni á heimilum eða í samfélaginu, nema þá í „fréttæmu“ samhengi, og þá gjarnan afbakað af fjölmiðlum. Ímynd homma og lesbía hefur þá líklega mótast í andrúmslofti fordóma, ótta og aðhláturs gagnvart samkynhneigðum.

Jafnvel foreldrar sem telja sjálfa sig vera afar skilningsríka og fordómalaus eiga ekki von á að finna samkynhneigð í sinni eigin fjölskyldu! Þú mátt samt ekki fyllast sektarkennd. Þessir fordómar, misskilningur og mistúlkningar hafa verið allsráðandi í samfélagi okkar. Þetta eru ekki skoðanir sem þú sem foreldri, aðstandandi eða vinur homma eða lesbíu hefur ákveðið að hafa. Þegar þú aflar þér meiri upplýsinga og fyrsta áfallið gengur yfir, þá finnur þú smám saman hvernig fordómarnir dvína eftir því sem þú gerir þér betur grein fyrir hvernig þeir afbaka ímyndirnar og stuðla að mismunun og misrétti.

Foreldrar spyrja oft: „Hvers vegna valdi barnið mitt þennan lífsstíl?“ Það verður ekki nógu oft ítrekað að samkynhneigð er **ekki val**, hún er viðkomandi einstaklingi **eðlileg**. Þegar haft er í huga hvaða vandamál blasa við hommum og lesbíum, og hvaða erfiðleika þau eiga við að etja, jafnvel hjá þeim sem þekkja þau og elska, þá hlýtur að vera morgunljóst að þau myndu ekki viljandi velja sér lífsstíl sem hefði slíkt í för með sér. **Fólk velur sér ekki að vera gagnkynhneigt. Það er bara þannig. Nákvæmlega það sama á við um samkynhneigða.**

Á sama hátt spyrja foreldrar oft: „Hvað gerði ég rangt?“, sérstaklega ef það er álitnið vera „vandamál“ að vera hommi eða lesbía. Svarið er að þú gerðir ekkert rangt. Það er ekkert sem þú gerðir, eða gerðir ekki, sem gerði barnið þitt að homma eða lesbíu. Það var alltaf þannig. Nú geturðu hins vegar gert það sem rétt er og stutt barnið þitt í því að vera eins og það er.

Það tekur tíma fyrir þig að setta þig við að margar þeirra hugmynda sem þú gerðir þér um framtíð barnsins þíns þarfnast endurskoðunar. Og þú ert allt í einu komin(n) í nýtt hlutverk: foreldri homma eða lesbíu. Horfðu á björtu hliðarnar: Núna hefurðu ástæðu til að vera með í Gay Pride göngunni. Vertu stolt(ur) af unglíngnum þínum. Hann/hún gekk í gegnum erfitt tímabil áður en hann/hún sagði þér frá kynhneigð sinni. Nú getur hann/hún lifað sínu lífi á sínum forsendum.

Þú ert kannski samt ekki sátt(ur) við að barnið þitt skuli vera samkynhneigt. Þá getur hjálpað að tala við aðra foreldra sem hafa gengið í gegnum það sama og þú. Foreldrar og aðstandendur samkynhneigðra hafa með sér félagsskap, Samtökin FAS, sem stendur fyrir reglulegum fundum og ýmiss konar fræðslu. Fundir eru mánaðarlega yfir veturinn, annan miðvikudag hvers mánaðar, í húsnæði Samtakanna '78 á Laugavegi 3, 4. hæð. Þeir eru öllum opnir, en ef þú vilt þá getur þú haft áður samband við einhvern úr hópi foreldra til að ræða málin í fullum trúnaði.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu FAS, www.samtokinfas.is. Þar eru upplýsingar um fundi og samverustundir, en einnig um símanúmer og netföng foreldra sem þú mátt hafa samband við.

